

## Formannafundur Príbrautarsambands upp í ÍSÍ þann 28.10.2024

### Mætt voru eftirfarandi:

Freyja Baldursdóttir fyrir hönd UMFS  
Ófeigur Hreinsson Stjórn 3SH  
Páll Geir Bjarnson Stjórn 3SH  
Richard Burton Stjórn 3SH  
Guðbjörg Jónsdóttir Stjórn 3N  
Matthildur B. Stefánsdóttir Formaður Breiðabliks  
Guðbjörg Ingunn Magnúsdóttir Varaformaður Ægi3  
Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir Formaður Norðurljósa  
Ragnar Fjalar Sævarsson Stjórn ÞRÍ (ritaði fundargerð)  
Jón Axelsson Stjórn ÞRÍ  
Valerie Maier formaður ÞRÍ  
Geir Ómarsson framkvæmdastjóri ÞRÍ

### Dagskrá fór fram í samræmi við fundarboð:

1. Staðan hjá félögunum
  - Príbrautardeild SH - 3SH
  - Príbrautardeild Breiðabliks – Þríkó
  - Príbrautarfélag Reykjavíkur - Ægir3
  - Príbrautardeild UFA - Norðurljós
  - Príbrautardeild UMFN - 3N
2. Keppnissumarið 2024
3. Keppnissumarið 2025
4. Timatökubúnaður
5. Starfsskýrsla - senda inn (þegar að það opnar fyrir)
6. Keppnir erlendis 2025 – Europe Triathlon og World Triathlon
7. Unglingaþríbraut
8. Önnur mál

## 1. Staðan hjá félögunum

### Príbrautardeild SH - 3SH

Í dag eru 11-12 manns sem eru greiðandi meðlimir en 23 í heildina sem eru inni á Abler hjá þeim. Þau eru búin að vera 3-5 sem hafa keppt fyrir hönd 3SH í sumar. Það komu inn 2 nýjir meðlimir í haust. Gott samstarf við Breiðablik – Þríkó sem þau ætla að halda áfram.

### Príbrautardeild Breiðabliks – Þríkó

Matthildur gerði samning við hjóla- og hlaupadeildirnar í byrjun sumars en hann felur í sér að príbrautardeildin deilir þjálfun með þeim. Það er að koma mjög vel út og er skemmtilegra vegna þess að fleiri eru á æfingum. Er að æfa sundið með 3SH og það gengur vel. Ekki mikil nýliðun og reyndar bara ein sem er ný og þrjú sem hafa komið inn aftur. Er að hugsa um að bjóða upp á einhverja

Þakka fyrir næstu önn. Það er útlit fyrir að árið komi út í plús. Vegna mikillar fækkunar meðlima var ákveðið að fara í samstarf með 3SH og þannig lækkaði kostnaður en þau greiða skipta kostnaðinum á milli sín.

### Príbrautarfélag Reykjavíkur - Ægir3

Þau voru með samfélagsmiðlaherferð núna í haust og það er mikil fjölgun nýrra meðlima. Um 130 virkir iðkendur og mikið komið inn af ungu fólki. Þau buðu nýliðum upp á að prófa frítt í september og þeim finnst margir hafa haldið áfram af þeim. Árlegar æfingaferðir til Laugarvatns og útlanda ásamt keppnisferð á hverju ári hafa gefið mjög góða raun og fengið fólk til að halda áfram í félaginu.

### Príbrautardeild UFA – Norðurljós

Meðlimum er að fjölga jafnt og þétt en félagsmenn eru allir í fjarþjálfun hjá Ægi3. Það sem er líka mjög jákvætt er að kjarninn er að stækka. Þá hafa félagsmenn farið í keppnir með Ægi3. Þetta fyrirkomulag hefur nánast engann kostnað í för með sér fyrir félagið og því má segja að heilt yfir gangi starfið mjög vel.

### Príbrautardeild UMFN - 3N

Það er í raun þrjár aðskildir hópar starfandi undir hatti 3N þar sem hver grein er stunduð fyrir sig. Þau voru með hlaupanámskeið í vor og sumar. Börkur er með hlaup og hjól, Karen með sund og svo hefur verið styrktarþjálfun 1x í viku. Fólki finnst þetta svo mikið stökk, að fara úr einni grein í þrjár. Það eru færri skráðir núna en það voru um 80 skráðir í fyrra en 50 skráðir í dag. Meðlimir fá árskort í sund í bónus þannig að þetta er mjög sanngjarnt. Þau náðu ekki að halda príbrautarkeppnina í sumar. Þau eru að stefna á að vera með nýliðaviku í janúar.

### Selfoss

Staðan er óljós. Þau hafa verið að æfa með hópi sem kallar sig Fiskiflóamenn, en það er hlaupahópur sem er ekki undir neinu félagi. Svo hafa þau hist einu sinni í viku og synt saman. Enn hafa þau ekki byrjað að hjóla saman en Worldclass er að stækka aðstöðuna sína á Selfossi og vonir standa til að þau bæti við hjólasal. Þau eru búin að senda inn umsókn til ungmennafélagsins um að stofna nefnd (félag)

Formennirnir ræddu um sameiginlegar æfingar félaganna og smölun í keppnir erlendis.

## 2. Keppnissumarið 2024

Geir fór yfir keppnissumarið 2024 en fjölgun var í öllum keppnum og heilt yfir gekk keppnissumarið vel fyrir utan að keppninni í Njarðvík var aflýst vegna veðurs. Þá gekk krakkaþrautin í Hafnafirði vel. Mikil aukning unglinga í Kópavogi en 15 krakkar úr sunddeild Ægis mættu. Í framhaldinu mikilvægt að bjóða upp á unglingsflokk.

Uppskeruhátiðin verður haldin þann 14. Nóvember, líklega kl 19.

### 3. Keppnisumarið 2025

Það væri gott ef að félögin væru komin með dagsetningu eða amk drög þar um sem fyrst, hugmyndir að nýjum keppnum, draft legal, tvíþrautir o.fl.

Gott að fá tímasetningar á keppnum 2025 fyrir uppskeruhátíðina svo hægt sé að opna snemma fyrir skráningar.

Mögulega ætlar Ægir3 að taka þátt í Reykjavík International Games og þá eru þau að stefna á að endurvekja Heiðmerkurþrautina.

Njarðvík ætlar að skoða hvort það sé hægt að halda tvíþraut í vetur.

### 4. Tímatökubúnaður

Kostnaður vegna tímatöku hefur aukist mikið. Fyrirtækið Tímataka fór í að leigja flögurnar sérstaklega og margfölduðu verðin á flögunum. Það þarf að uppfæra hugbúnaðinn á kerfinu sem Breiðabliks – Þríkó á og það vantar mannskap til að sinna kerfinu og tímatökunni.

### 5. Starfsskýrsla - senda inn

Þessum lið var sleppt vegna þess að það þarf ekki að skila fyrr en í vor.

### 6. Keppnir erlendis 2025 – Europe Triathlon og World Triathlon

Fullt að keppnum frá bæði Europe Triathlon og World Triathlon sem hægt er að taka þátt í. Mjög gaman að taka þátt í þessum keppnum. Europe Triathlon Championships verður haldin í Istanbul 6-7. September 2025. Sprettþraut og Ólympísk. Aquabike. Mixed team relay. Það voru sex sem fóru í ár og kepptu fyrir Íslands hönd. Væri gaman að fá hóp í þetta verkefni á næsta ári.

### 7. Unglingaþríþraut

Geir sagði að mikilvægt væri að koma þessu af stað í félögunum. Amk einu félagi þó flest félög hafi kannski ekki bolmagn í dag en nauðsynlegt að fara að hugsa þetta. Ragnar Guðmunds er tilbúinn til þess að koma í grunn- og framhaldsskólana og kynna þríþraut og þjálfun. Frábært ef félögin geti haldið unglíngamót.

### 8. Önnur mál

Sjálfbóðaliðar – Alltaf ótrúlega erfitt að fá sjálfbóðaliða. Hugmynd að það væri skjal þar sem sjálfbóðaliðar gætu skráð sig á keppnir yfir allt sumarið.